

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Sent rafrænt á nefndasvið@althingi.is

Reykjavík, 5. maí 2023.

Efni: Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um tæknifrjógungun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna, nr. 55/1996 (geymsla og nýting fósturvísa og kynfrumna). 153. Löggjafarþing 2022–2023. Þingskjal 1469 — 939. mál. Stjórnarfrumvarp.

Félagsráðgjafafélag Íslands þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn um breytingu á lögum um tæknifrjógungun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna, nr. 55/1996 (geymsla og nýting fósturvísa og kynfrumna). 153. Löggjafarþing 2022–2023. Þingskjal 1469 — 939. mál. Félagið kom að málinu á fyrri stigum með umsögn dags. 15. febrúar 2023 sem send var í samráðsgátt stjórnvalda.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að breytingin snúi að því að einstaklingum verði gert heimilt að samþykkja sameiginlega notkun þrátt fyrir skilnað, eða eftir atvikum notkun eftirlifandi maka á kynfrumum eða fósturvísu, í stað skyldunnar til að eyða kynfrumum eða fósturvísu ef svo ber undir að annar aðilinn andast eða hjúskap eða sambúð aðila lýkur. Félagsráðgjafafélag Íslands styður markmið frumvarpsins *að virða vilja einstaklinga eða pars, sem hefur geymt kynfrumur eða fósturvísa í tengslum við tæknifrjógungunarferli, til að nýta kynfrumur eða fósturvísa þrátt fyrir andlát eða breytingu á sambúðarformi aðila*. Þannig er viðkomandi aðilum falið ríkara ákvörðunarvald yfir eigin kynfrumum og fósturvísu við fyrrgreindar aðstæður.

Styður félagið þær tillögur sem koma fram í frumvarpinu *að andlát eða slit hjúskapar eða sambúðar leiði ekki sjálfkrafa til þess að þeim fósturvísu, sem einstaklingar sem stóðu að tæknifrjógungun og eiga fósturvísa í geymslu í kjölfar meðferðar skuli undantekningarlaust eyða. Nýting fósturvísa sem fást með tæknifrjógungunarferli verður þannig ekki háð því að upphaflegt sambúðarform þeirra einstaklinga sem stóðu að tæknifrjógunguninni haldist heldur mun nýtingin byggjast á vottuðu og skriflegu samþykki þeirra beggja. Sama á við ef annar einstaklingurinn sem stóð að tæknifrjógungun andast*. Félagið telur hins vegar ekki þörf á kröfu um að einstaklingur sem vill nýta fósturvísa á þennan hátt þurfi að vera einhleypur þegar að tæknifrjógungun kemur. Viðkomandi aðilar ættu að hafa ákvörðunarvaldið varðandi það.

Félagið fagnar frumvarpsdrögum og styður að þessi breyting verði að veruleika. Það er mikilvægt að einstaklingar hafi ákvörðunarvald yfir kynfrumum sínum og fósturvísu sem þeir hafa staðið að og eiga í geymslu. Nýting fósturvísa sem fást með tæknifrjógungunarferli á ekki að vera háð því að upphaflegt sambúðarform þeirra einstaklinga sem stóðu að tæknifrjógungun haldist óbreytt og því er fagnaðarefni að aðilar að fái möguleikann á að gera með sér samkomulag um nýtingu fósturvísa eftir slit á hjúskap eða sambúð. Það sama á við ef annar aðilinn andast. Með því að veita maka sínum heimild til að nýta kynfrumur eða fósturvísa eftir andlát sitt er til dæmis opnað á möguleika fyrir fjölskyldur sem eiga börn fyrir að þau fái alsystkini. Einnig gæti þetta

verið eina tækifærið til barneigna fyrir eftirlifandi maka þar sem viðkomandi hefur mögulega ekki aðrar nothæfar kynfrumur en þær sem þegar hafa verið lagðar til í tæknifrjóvgunarferli eða eru í fósturvísunum. Einstaklingar eiga að hafa frelsi til að ráðstafa kynfrumum sínum eða fósturvísunum sjálfir og geta arfleitt eftirlifandi maka að þeim. Sama ætti að eiga við þegar um slit á hjúskap eða sambúð er að ræða.

Félagsráðgjafafélag Íslands er tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,

f.h. Félagráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann
formaður